

Rangárþing eystra  
Rúnar Guðmundsson  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. apríl 2012

Tilvísun: UST20120300155/ksj

## Lýsing vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu að Ytri-Skógum, Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 16. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags fyrir byggingar, aðkomu og samgöngur að Skógum.

Skipulagssvæðið nær til alls mannvirkjasvæðis í Ytri Skógum norðan þjóðvegar nr. 1. Svæðið afmarkast af ánni Kvernu í austri. Brekkubrún er norðurjaðar skipulagssvæðisins fram að fossbrún. Vesturmörk svæðisins eru rmörk friðlýsingar á Skógaá. Suðurjaðar er í þjóðvegi 1 frá brú á Skógaá, og þaðan í túnjaðri að Kvernu.

Stærð skipulagssvæðisins er um 200 ha að flatarmáli.

### Forsendur og viðfangsefni

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að hugmyndir eru uppi um að nýta skólann sem fræðasetur fyrir vísindamenn og sérfræðinga og að íbúðir vanti fyrir vísindamenn og starfsfólk. Því sé nauðsynlegt að hafa tiltækar lóðir. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í lýsingu vísabendingar um á hvaða svæði innan deiliskipulagssvæðisins áætlað er að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðasvæðis.

### Skipulagsleg staða og umhverfismat

Í ofangreindum kafla kemur fram að aðalskipulag Rangárþings eystra 2003 – 2015 er í gildi og að þar sé svæðið sem áætlað er að deiliskipuleggja, skilgreint sem þéttbýliskjarni með þjónustu og stofnanalóðum og að væntanlegt deiliskipulag muni fylgja núverandi aðalskipulagi. Ekkert kemur fram um gerð umhverfisskýrslu fyrir væntanlegt deiliskipulag eða aðaláherslur hennar.

### Lýsing á væntanlegu deiliskipulagi

·Að mati Umhverfisstofnunar ætti í lýsingu deiliskipulags að koma fram lýsing á aðdraganda

og tilgangi skipulagsgerðar, áherslur þær sem fylgt verður í deiliskipulaginu, helstu viðfangsefni og meginmarkmið skipulagstillögunnar. Einnig telur stofnunin að gera skuli grein fyrir einkennum og aðstæðum á skipulagssvæðinu og hvernig staðið verður að frekari gagnaöflun og greiningu forsendna. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekkert af þessum atriðum fram nema það að fjallað er um aðdraganda og tilgang skipulagsgerðar í kaflanum forsendur og viðfangsefni. Einnig ætti að mati Umhverfisstofnunar að koma fram hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsáætlunarinnar. Ekkert kemur fram í ofangreindri lýsingu um það hvernig staðið verði að væntanlegri umhverfisskýrslu.

## Niðurstaða

Í lýsingu fyrir byggingar og aðkomu og samgöngur að Skógunum kemur fram tímaáætlun á væntanlegu deiliskipulagsferli og einnig er fjallað um hvernig kynningu og samráði verði háttað. Fram kemur að nauðsynlegt sé að hafa tiltækar byggingarlóðir fyrir vísindamenn og starfsfólk. Að öðru leyti kemur ekkert það fram er gaëti varpað ljósi á áherslur og markmið um væntanlega landnotkun á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar skortir því umfjöllun ofangreindra atriða í lýsingu deiliskipulags fyrir byggingar og aðkomu og samgöngur að Skógunum.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun